

Tilvitnanir

Hvernig við sýnum fólki og vinnu þess virðingu með því að vitna í verk þess.

Netið er uppfyllt af áhugaverðu fólki en þar finnst einnig fólk sem getur komið illa fram hvert við annað. Með þessum leikþætti öðlast nemendur skilning á því hvers vegna er oft auðveldara að koma illa fram við fólk á netinu en í eigin persónu. Þau læra einnig um hvernig best er að taka á netofbeldi.

Markmið:

- Að útskýra hvernig við sýnum fólki, og vinnu þess, virðingu með því að vitna í höfunda.
- Að læra hvernig vitna á í efni á netinu þegar verkefni eru unnin í skólanum.

Lykilhugtök

Virðing · tilvitnun

Kennsluáætlun 30 mínútur

Upphitun: Þetta er mitt!

5 mínútur

1.

Spyrjið: Ímyndaðu þér að þú hafir tekið þátt í listaverkasamkeppni í skólanum og teikningin þín varð í fyrsta sæti! Listaverkið þitt var hengt upp í skólanum svo allir gætu séð en nafn einhvers annars var á listaverkinu en ekki þitt. Hvernig myndi þér líða þá?

Þjóðið nemendum að svara. Svörin verða mismunandi en tilfinningar eins og að verða leið/ur, reið/ur eða svikin/n koma líklega upp.

2.

Segið: Þetta var bara dæmi. En nú sjáið þið aðeins hvernig fólki líður ef einhver eignar sér heiðurinn af verkum þeirra.

Sýnið **glæru 3** og útskýrið að **tilvitnun** þýðir að sýna eða segja hver það var sem bjó eitthvað til.

Segið: Rétt eins og þið mynduð vilja fá heiðurinn af því sem þið hafið gert, er mikilvægt að þið gefið öðrum heiðurinn af þeirra vinnu.

3.

Segið: Þið sýnið fólki virðingu þegar þið vitnið í verk þess.

Sýnið **glæru 4** og útskýrið virðingu. **Virðing** er að sýna að þú kunnir að meta einhvern.

4.

Segið: Hvernig getum við meðhöndlað upplýsingar sem við finnum á netinu, og viljum nota, af virðingu?

Nemendur ræða saman í pörum og svo veljið þið út fáein sem deila því sem þau ræddu. Útskýrið að við sýnum virðingu með því að taka fram hver bjó til það sem við veljum að nota.

Hvernig skráum við tilvitnun?

10 mínútur

1.

Segið: Oft, þegar þið vinnið í verkefnum í skólanum, leitið þið á netinu að upplýsingum um það sem þið eruð að læra um. Stundum finnið þið myndir, greinar eða myndbönd sem þið viljið nota í verkefnin ykkar. Það megið þið gjarna gera en þið þurfið bara að muna að taka fram hver bjó til það sem þið notið.

2.

Sýnið glæru 5 og útskýrið að þegar vitnað er í efni sem fundið er á netinu, sem nota á í skólaverkefni, þarf að taka fram:

Höfund

- Á vefsíðum er ekki alltaf tekið fram hverjir eru höfundar efnisins. Sérstaklega ekki ef margir hafa komið að því að búa það til. Í þeim tilfellum skal skráð hvaða fyrirtæki eða samtök standa fyrir vefsíðunni sem efnið er tekið af.

Titill (myndbands, greinar, myndar)

- Titillinn er oftast efst á síðu.

Vefsíða

- Á þessu stigi dugar að láta nemendur skrifa höfuðlénið og stoppa eftir t.d. .is, .com, eða .org. Þegar það á við má afrita tengilinn.

Athugið: Þessi vinna er undanfari þess að nemendur þurfa á seinni stigum að læra á formleg heimildaskráningarkerfi á borð við APA.

3.

Segið: Nú vitið þið hvaða upplýsingar þarf að gefa upp þegar við vitnum í heimildir. Nú skulum við æfa okkur í að finna þær á netinu!

Sýnið viðeigandi glæru við hvert dæmi og gefið nemendum tíma til að finna hvert atriði (Höfund, titil, veffang). Nemendur vinna í pörum.

Einnig má láta bekkinn sem heild skoða mismunandi vefsíður og finna höfund, titil og vefföng.

Sýnið glæru 6.

- Höfundur: S. Helgason
Titill: Ólympíuleikar
- Vefsíða: www.sports.olympiuleikar.is

Sýnið glæru 7.

- Höfundur: Jón Gunnar
- Titill: Eyða minna, endurnota, endurnýta
- Vefsíða: www.endurvinnslafyriralla.is

Sýnið glæru 8.

- Höfundur:
- Titill: Skalla örn
- Vefsíða: www.fyndinfraedsla.is

4.

Segið: Gekk vel hjá ykkur, að finna höfund, titil og vefsíðu í þessum dæmum? Munið að þegar við notum upplýsingar, myndbönd eða myndir frá vefsíðum, er mikilvægt að skrá heimildir með því að gefa upp þessi þrjú atriði.

Sýnið glæru 9 og útskýrið að heimildir eru skráðar í þessari röð:

[Höfundur], [Titill], [Vefsíða]

Rannsóknarskýrsla

10 mínútur

1.

Dreifið [Tilvitnanir - Tími til að stoppa og hugsa](#) og lesið leiðbeiningarnar á **glæru 10**. Nemendur vinna í pörum og fylla út eyðublöðin.

2.

Fáið nemendur til að deila svörum sínum með bekknum. Berið saman við [Stafrænu Borgararnir - Lausnir](#) og gangið úr skugga um að nemendur hafi skráð réttar upplýsingar í réttri röð.

Ath. Þið getið tengt þessa vinnu við öll rannsóknarverkefni sem nemendur vinna að hverju sinni. Veljið hvernig þau nota heimildaskráningu í annarri vinnu í skólanum.

Ígrundun

5 mínútur

1.

Segið: *Í dag höfum við rætt um hvernig við getum vitnað í verk annarra sem við finnum á netinu.*

2.

Dreifið verkefninu [Tilvitnanir - Tími til að stoppa og hugsa](#). Lesið leiðbeiningarnar upphátt og látið nemendur vinna hvert fyrir sig. (**glæra 11**)

3.

Biðjið nemendur að deila niðurstöðum sínum með bekknum. Safnið verkefnunum saman til að meta þau.